

— Brjef landshöfðingja til biskups um endurborgun á kirkjuskuld. — Að fengn- 7  
um tillögum hjeradsfundarins í Suðurmúla prófastsdæmi samþykkt hjer með, að erf- 21. jan.  
ingjum síra Sigurðar heitins Gunnarssonar verði greiddar upp í 589 kr. 30 a. skuld  
Hallormsstaðakirkju 30 kr. árlega af hreinum tekjum hennar um næstu 10 ár frá far-  
dögum 1882 eða alls 300 kr., ef kirkjan stendur svo lengi; en annars þeim mun minna,  
sem kirkjan verður fyr lögð niður.

Þetta er tjáð yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafana.

— Brjef landshöfðingja til biskups um að leggja niður kirkju. — Eptir að 8  
Blöndudalshólasókn hefir verið sameinuð Bergsstaðabrauði frá næstlíðnum fardögum 23. jan.  
samkvæmt 1. gr. tölulíð 103. í lögum 27. febr. 1880, hafið þjer, herra biskup, með  
brjefi dags. 10. þ. m., sent mjer bænarskrá frá sóknarbændum Blöndudalshólakirkju, og  
hafið þjer tekið fram, að hjeradsfundur Húnavatnsprófastsdæmis hafi með miklum at-  
kvæðamun fallizt á, að leggja niður nefnda kirkju, og í einu hljóði á: «að hinir svo  
nefndu Bugsbœir fyrir vestan Blöndu leggist til Svínavatnssóknar, en bœirnir fyrir  
framan Blöndudalshóla leggist til Bergsstaðakirkju, en Blöndudalshólar og bœirnir þar  
fyrir utan til Bólstaðarhlíðar». Það er nú hvorttveggja, að þjer, herra biskup, álitíð  
skipun þessa hagfellda mjög og öllum henta þeim, er hlut eiga að máli, og einkum  
óumflýjanlega nauðsynlega að því er kemur til hinna þriggja bœja vestan Blöndu, er  
Bugsbœir nefnast, enda hafið þjer og tekið fram, að allar þessar breytingar hafi ráð-  
gjörðar verið, þegar verið var að undirbúa skipun prestakalla þessara, áður en lög 27.  
febr. 1880 komu út, og hafið þjer því lagt það til, að breytingar þessar yrðu staðfestar.

Fyrir þessar sakir, og samkvæmt lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880  
4. gr., svo og lögum um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda dags. s. d., stað-  
festi jeg hjer með:

1. Að Blöndudalshólakirkja verði lögð niður, og að sjóður hennar, skrautgripir og  
áhöld og andvirði sjálfs kirkjuhússins falli samkvæmt lögum 27. febr. 1880 7. gr.  
til þeirra kirkna, sem Blöndudalshólasókn leggst til, og deilist þetta svo þeirra á  
milli, að Bergsstaðakirkja hljóti helming, en Bólstaðarhlíðar og Svínvatnskirkjur  
sinn fjórðung hvor.
2. Af bøjum þeim, er hingað til heyrðu Blöndudalshólasókn til, leggjast
  - a, til Bergsstaðakirkjusóknar: Rugludalur, Selland, Bollastaðir, Eyvindarstaðir, Ey-  
vindarstaðagerði og Brandsstaðir;
  - b, til Bólstaðarhlíðarsóknar: Blöndudalshólar, Syðra-Tungukot, Finnstunga og Ytra-  
Tungukot.
  - c, til Svínvatnskirkjusóknar: Þröm, Eldjárnsstaðir og Eiðsstaðir.
3. Meðan Blöndudalshólakirkjugarður er við líði og endist til þess, er íbúum fyrver-  
andi Blöndudalshólakirkjusóknar áskilinn rjettur til grafreita í honum.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 9  
framtal bœnda á rektuðu landi. — Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefir 23. jan.  
í erindi, sem jeg meðtók með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 16. nóvbr. f. á. látið í